

LION




Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 320

júní 2020



We Serve

Júní 2020. Blað nr. 320
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu

Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá

kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir


Fjölumðæmisstjórn:



Ellert Eggertsson,
fjölumðæmisstjóri.
Ellert er félagi í Lions-
klúbbi Hafnarfjarðar.
Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: ellerte@
gmail.com



Jóhanna Thorsteinsson,
umðæmisstjóri 109 A.
Jóhanna er félagi í Lions-
klúbbum Eir. Ef þú þarft
að hafa samband við hana
þá er netfang hennar:
johanna@virgin.is



Bragi Ragnarsson,
umðæmisstjóri 109 B.
Bragi er félagi í Lionsklúbbum
Mosfellsbæjar. Ef þú þarft
að hafa samband við hann
þá er netfang hans:
br@brimhf.is



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2019-2020

Fjölumðæmisstjóri:

Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar

Umdæmisstjóri 109A: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Bragi Ragnarsson,
Lkl. Mosfellsbæjar

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Arnason,
Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Vara fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,

Lkl. Fjörgyn

Ritsstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netsstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson,

Lkl. Garði

NSR-AU nefndarmaður:

Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

Lestraráttaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vígdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Varaumðæmisstjóri 109B: Guðjón Andri

Gylfason, Lkl. Hængur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Þóra

Bjarney Guðmundsdóttir,

Lkl. Eir

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Anna

Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2019 – 2020:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngadóttir, Ísland

First Vice President: Douglas X.

Alexander, USA

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States

Robert Block, United States

Kyu-Dong Choi, Korea

Larry L. Edwards, United States

Justin K. Faber, United States

Allan J. Hunt, Canada

Daniel Isenrich, Germany

Bent Jespersen, Denmark

Masayuki Kawashima, Japan

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico

Nicole Miquel-Belaud, France

VP Nandakumar, India

Judge Christopher Shea Nickell,
United States

Sampath Ranganathan, India

Marciano Silvestre, Brazil

Masafumi Watanabe, Japan

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan

Qazi Akram Uddin Ahmed, Bangladesh

Shoichi Anzawa, Japan

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States

Gary F. Brown, United States

Rodolfo Espinal, Dominican Republic

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan

Jongseok Kim, Korea

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India

Geoffrey Leeder, England

Mark S. Lyon, United States

Heimo Potinkara, Finland

JP Singh, India

Steve Thornton, United States

Juswan Tjoe, Indonesia

A. Geoffrey Wade, United States

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: 1000 eintök

Pökkun og dreifing: Lionskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Forsíðumynd:

Frá ársþingi Lions á Íslandi

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Kannski verðum við aldrei söm

Pistill Alþjóðaforseta



Um leið og við leitumst við að temja okkur nýja hegðan, þá er auðvelt að sjá í kringum okkur hvernig við höfum verið knúin til að breyta um venjur vegna þessa heimsfaraldurs. Við getum einblínt á allt sem við þurfum að gera öðruvísi núna, og allt þetta hefur gert heiminn smærri.

En þegar ég lít í kringum mig og séð hvernig Lionsfélagarnir hafa breytt sínum leiðum til að þjóna, þá fyllist ég hreykni. Þið hafið hætt við viðburð já, en þið hafið einnig búið til nýja. Þið hafið ekki getað haldið fundi á ykkar fundarstöðum, en þið hafið hist á netinu, skipst á hugmyndum og skipulagt nýjar leiðir til að þjóna byggðalaginu svo að engin hefur þurft að finna sig einmanna.

Að þessu leyti er ég glaður yfir hvernig við höfum ekki bara breyst, heldur höfum við vaxið.

Við höfum lært að við höfum meiri styrkleika, meira þol, og við höfum meira pláss fyrir ást og kærleika en við héldum.

Skrefin til baka verður röð af litlum skrefum,

sem krefst af okkur-öllum-að endurstilla okkur oft, áður en við verðum við sjálf aftur. En það er trú mín að við komum útúr þessu neyðar-ástandi með endurnýjað hugarfar um hver við erum og hvað skiptir máli, og jafnvel dýpri skilning á hvers vegna það skiftir máli að vera í Lions.

Ykkar einlægur,

Dr. Jung-Yul Choi

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er sjötta og síðasta tölublað starfsársins komið út sem er prentað blað.

Ákveðið var að fresta útkomu blaðsins þar til eftir ársþing Lions á Íslandi sem að þessu sinni var haldið sem fjárfundur. Já, við lifum á skrytnum tímum og þeir hafa sett allt starf hreyfingarinnar á annan endann. Þetta hefur þýtt að klúbbar hafa ekki getað haldið fundi og fjáraflanir hafa fallið niður og ástæða þessa er auðvitað sá heimsfaraldur sem nú er vonandi í rénun. Ef allt fer að óskum þá ætti næsta starfsár að vera í eðlilegum farvegi og klúbbar geta haldið sína fundi og fjáraflanir. Þessi vágastur, Covid19, er þó óútreiknanlegur en það er mín dýpsta ósk að hann láti okkur sem og aðra alveg í friði hér eftir.

Greinar hafa ekki verið margar í lionsblaðinu þetta starfsár og er eins og félagar hafi minni áhuga á útgáfu blaðsins sem í mínum huga er dapurt. Það verða því óhjákomulega breytingar á útgáfu þess næsta vetur. Þegar þetta er skrifað er ekki orðið ljóst hverjar nákvæmlega. Ég get þó upplýst ykkur um að prentuð blöð verða einungis tvö þar sem alþjóðastjórn hefur lækkað styrkinn vegna útgáfu blaðanna um þriðjung og á það við alla útgáfu lionsblaða í heiminum.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska öllum nýkjörnum embættismönnun til hamingju með kjörið á þinginu og vænti góðra starfa frá þeim á næsta starfsári.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, *Porkell Cýrusson ritstjóri*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 3. september

Björgum börnum frá mislingum

Við starfslok

Ellert Eggertsson

Fjölumðæmisstjóri 2019-2020



Góðir Lionsfélagar
Laugardaginn 6. júní voru haldin umdæmis- og fjölumðæmisþing Lionshreyfingarinnar. Þingin voru rafræn (zoom) þing og þótti mér þingin sem ég sat, umdæmisþing 109A og fjölumðæmisþingið, takast ágætlega. Á fjölumðæmisþinginu voru skráðir 99 þingfulltrúar sem er miklu meiri þáttaka en ég hafði þorað vona, svona fyrirfram.

Rafræn þing koma aldrei alveg í staðin fyrir venjuleg þing, þar sem félagarnir hittast til að

spjalla og kynnast hvor öðrum. En við þær aðstæður í þjóðfélaginu sem við höfum orðið að búa við síðustu mánuði, þá er þetta góð leið til að uppfylla skyldur okkar og kjósa okkur nýja forystu og embættismenn. Viðurkenningar og skólar fyrir stjórnir klúbbana og svæðisstjóra, verða að bíða betri tíma og vonandi getum við haldið skólana í haust.

Fyrir utan venjuleg aðalfundarstörf, þá komu fram nokkrar lagabreytingar. Sú sem snertir okkur mest er breytingin á nafninu „Umdæmisstjóraráð“ og er tekið upp gamla nafnið „Fjölumðæmisstjórn“ en í fjölumðæmisstjórn sitja umdæmisstjórnarnir tveir ásamt fjölumðæmisstjóra. Þá var samþykkt að taka upp orðið „Fjölumðæmisráð“ en í fjölumðæmisráði sitja embættismenn fjölumðæmisins. Það orð hafði dottið út úr lögnum þegar samþykkt voru ný fjölumðæmislög 2017.

Þetta starfsár er senn á enda og er óhætt að segja að það hafi verið sérstakt ár, þar sem kórónavírusinn hreinlega stöðvaði þjóðfélagið í lok febrúar og allt hefðbundið klúbbastarf lagðist af.

Ég hef átt gott og ánægjulegt samstarf við féлага mína í fjölumðæmisráði og alla þá sem ég hef leitað til og fyrir það vil ég þakka. Sérstakar þakkir flyt ég Lionsfélögum í Lkl. Viðarr, en þeir hafa verið duglegir að hjálpa til við breytingarnar á Lionssalnum okkar í

Hlíðasmára 2. Fráfarandi umdæmisstjórum þakka ég fyrir samstarfið á starfsárinu. Eins vill þakka öllum þeim sem hafa lagt Lionshreyfingunni lið á starfsárinu.

Þessi tími sem ég hef starfað í yfirstjórn hreyfingarinnar hefur verið mér afar ánægjulegur og lærdómsríkur. Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að gegna embætti fjölumðæmisstjóra og hef ég lagt mig allan fram við að gera mitt besta.

Birni Guðmundssyni viðtakandi fjölumðæmisstjóra, Jónasi Yngva Ásgrímssyni og Guðjóni Andra Gylfasyni viðtakandi umdæmisstjórum óska ég velfarnaðar í þeirra embættum.



Lagabreytingar á Lionsþingi

Jóhanna Thorsteinnsson

Umdæmisstjóri 109 A



Fyrir nýliða að ganga inn í hreyfingu eins og Lionshreyfinguna á Íslandi er ýmislegt sem kemur spánst fyrir sjónir.

Skipuritið okkar er kannski ekki flókið, en það er langt frá því að vera mjög einfalt.

Að þessu sinni var ein lagabreytingin í á þann veg að breyta nafni *umdæmisstjóraráðs* yfir í *fjölumðæmisstjórn*. Ekkert stórmál það.

Hins vegar er það svo að í flestum félögum eru lög og lagabreytingar talin svo mikilvægur þáttur í aðalfundarstörfum að skylt er að auglýsa tillögur um lagabreytingar með einhverjum tilteknum lágmarks fyrirvara fyrir aðalfund. Það er gert í anda lýðræðis og til að tryggja að allir sem eiga aðkomu að slíkum aðalfundi séu með slíkar fyrirhugaðar breytingar uppi á borði og tilbúnir að taka umræðuna.

Lionsþing er að sjálfsögðu ígildi aðalfundar félags.

Þegar heitunum var breytt árið 2017 var það

til að færa þau til réttis horfs og í samræmi við það sem tíðkast annars staðar í Lionsheiminum. Á þau rök var fallist þá.

En nú ber svo við að nauðsynlegt er að breyta þessum heitum í gamla farið, vegna þess að Lionsfélagar skilja þessa breytingu ekki! Og eru endalaust að ruglast fram og til baka með þessi hugtök.

Stjórnir eru yfirleitt fjölmennar. En vegna þess að þær eru fjölmennar sb. borgarstjórn, bæjarstjórn o.s.frv. þá eru gjarnan settar nokkurs konar vinnunefndir sem afgreiða þau mál sem eru meira og minna sjálfgreidd. Þá fara málin fyrst í borgarráð/bæjarráð, og síðan fyrir borgarstjórn/bæjarstjórn sem fer með úrslitavald.

Ég bara spyr, eru Lionsfélagar á Íslandi ekki bara orðnir allt of aldráðir þegar þeir ráða ekki við eina nafnabreytingu?

Lionsklúbburinn Úa

Starfsárið hjá okkur Úunum hefur verið nokkuð hefðbundið. Við höldum haustfagnaðinn okkar að venju og styrktum Pjetasamtökin fyrir afraksturinn af happadrætti kvöldsins. Vinnuframlög vetrarins hafa verið margvísleg og gefandi og má þar helst nefna aðstoð við Alzheimer samtökin, lestrarhlustun í Helgafellsskóla og jólahlaðborð á Eirhömrum. Á páskadag sameinuðust Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ í glaðningi til íbúa Eirhamra og Hamra, með söng og gjöfum. Útivistin hefur skipað stóran sess hjá okkur sem fyrr. Við hittumst einu sinni í mánuði og göngum, heimsækjum fyrirtæki og/eða áhugaverða staði og styrkjum vináttuböndin um leið. Þegar COVID19 raskaði hefðbundnum fundarhöldum færðum við fundina yfir á Zoom og gekk það vonum framár. Við vonumst þó til þess að geta tekið upp hefðbundin fundarhöld strax í haust og átt skemmtilegar stundir saman.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Brot úr 30 ára sögu Fjörgynjar í myndum og máli

Nokkur brot úr 30 ára sögu Fjörgynjar

Fjörgyn var stofnaður 14. maí 1990. Stofnfélagar voru 26 og nær allir bjuggu í Grafarvogi. Stærstur hluti íbúa Grafarvogs voru fjölskyldur með börn og fyrstu verkefni klúbbsins tengdust því þessu ört vaxandi samfélagi. Tveimur árum fyrir 1988 var Ungmennafélagið Fjöltnir stofnað og í hópi stofnfélaga Fjörgynjar voru margir sem tengdust Fjöltni.

Klúbburinn sá um að útbúa fyrstu áhorfendabrekku Fjöltnis, aðstoðaði við að tyrfa Fjöltnisvöllinn og gaf búnað í samkomusal þeirra. Þrjár af félögum í Fjörgyn hafa hlotið viðurkenninguna Fjöltnismaður ársins. Þeir eru Stefán Már Guðmundsson, Birgir Gunnlaugsson og Þór Steinarsson. Sýnir þetta að gott samstarf var á milli Fjörgynjar og Fjöltnis.

Verkefnasaga Fjörgynjar er lituð af verkefnum fyrir ungmenni en einnig fjölmörg verkefni tengd eldri borgurum.

Meðal verkefna í Grafarvogi hefur verið stuðningur við Tónlistarskóla Grafarvogs og æskulýðsstarf kirkjunnar. Einnig lagði klúbburinn skátafélaginu Vogabúum lið með lokafrágang skátaheimilis þeirra.

Einar Þórðarson var ungmennastjóri Lions 1998-99, stóð fyrir skipulagningu og fyrirkomulagi ungmennabúða Lions á Íslandi eins og þær eru í dag og hafa starfað þannig síðan.

Sumarið 1999 stjórnaði Fjörgyn fyrstu ungmennabúðunum í núverandi mynd og fékk til aðstoðar Lkl. Fold, Lkl. Tý, Lkl. Búi (Kjalarnes) og Lkl. Mosfellsbæjar. Þær voru kallaðar Skóbúðir þar sem aðalverkefnið var að ganga Laugavegin, frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk.

Klúbburinn hefur sent að minnsta kosti 7 ungmenni erlendis í ungmennabúðir Lions, bæði í Evrópu og Japan. Eins hefur klúbburinn tekið við erlendum ungmenum og komið að rekstri a.m.k. tveggja ungmennabúða.



Við upphaf Laugavegsgöngu unglíngabúðanna 1999



Jólaviðburður: Skera og steikja laufabrauð með fjölskyldunni



Gísli Jónsson á traktorsgröfu að forma



Frágangur lóðar við skátaheimilið Lionsbrekkuna við Fjöltnisvöllinn

Á tíundaáratugnum var lögreglan með hverfismiðstöð í Grafarvogi og eftir kynningu á starfsemi hennar gaf klúbburinn lögleglunni þrjá vinnuflotgalla til að auðvelda þeim ýmis verkefni. Skólastjóri Foldaskóla óskaði eftir stuðningi við skólabókasafn. Fjörgyn brást vel við og náði góðum kjörum hjá bókaforlögum. Bækurnar voru merktar sem gjöf Fjörgynjar til Foldaskóla.



Lögreglan í Grafarvogi fékk 3 flotgalla





Bókagjafir í skólasafni Foldaskóla

Eins og fjölmörg samtök hefur landgræðsla verið á dagskrá klúbbsins. Fyrsta svæðið var í landi Steinkross skammt frá Gunnarsholti og setti klúbburinn niður hundruðir græðlinga. Eftir nokkur ár var svæðinu lokað vegna vatnsverndar en fjöldi trjáplantna hafa vaxið þar og dafnað.



Myndir teknar með 15 ára millibili. Fyrsti ævifélagi klúbbsins Gísli rétt sjnilegur í kjarrinu.

Í kringum 2004 fékk klúbburinn landspildu í landi Þórisstaða í Svínadal til að sinna landgræðslu. Þar hefur klúbburinn sett niður hundruðir græðlinga og stærri tré. Nú er það svæði vel gróðursælt.



Fyrstu plönturnar á leið í ný heimkynni.

Lionssalurinn

Grafarvogskirkja hefur tengst klúbbum í yfir 20 ár. Klúbburinn hefur lagt parket og flísar, skipt um ljósaperur og gengið frá salnum á 2.hæð frá foheldu, sem nú er Lionssalur klúbburinn þar sem klúbburinn hefur haldið sína félagsfundi, en breyting verður á því næsta haust 2020. Klúbburinn hefur einnig verið með sína árlegu BUGL tónleika í kirkjunni og verður það áfram, vonandi um ókomin ár.



Parkettlögn í Grafarvogskirkju



Flísalögn í Grafarvogskirkju



Lionssalurinn í Grafarvogskirkju standsettur



Peruskifti í kirkjuskipinu



Fleiri peruskifti í kirkjuskipinu

Fjörgyn og yfirstjórn Lionshreyfingarinnar

Í Fjörgyn eru 24 Melvin Jones félagar sem hafa hlotið alls 30 MJ viðurkenningar. Í gegnum árin hafa félagar úr Fjörgyn verið virkir í stjórnnum umdæmis og fjöllumdæmi. Meðal þeirra má nefna Dan Sommer, Eggert J. Levy, Einar Þórðarson, Friðrik Már Bergsveinsson, Guðmundur Helgi Gunnarsson, Halldór Runólfsson, Helgi Sigurbjartsson, Sigmar A. Steingrímsson og Þór Steinarsson. Þrír félagar hafa verið umdæmisstjórar og einn þeirra bæði á A og B umdæmi. Tveir félagar hafa verið fjöllumdæmisstjórar. Að ótöldum embættum eins og svæðisstjórar, umdæmisritarar, fjöllumdæmisritarar, kennarar í Leiðtogaskóla, kennsla í ritara-, gjaldkera- og formannaskólum. Fulltrúar og stjórar fyrir ýmsa málaflokka innan umdæmis og fjöllumdæmis. Seti í þingnefndum umdæma, fjöllumdæmis og NSR þinga, sinnt samstarfi á vegum NSR o.fl. Fjörgyn átti stóran þátt í því að lög Lionshreyfingarinnar voru þýdd á íslensku. Fjörgyn á vinaklúbb í Nepal, Lions Club of Dharan East. Eftir náttúruhamfarir þar styrkti Fjörgyn klúbbinn til kaupa á sjúkrabifreið.

Stóru verkefni

Stærstu verkefni Fjörgyn hafa tengst stuðningi við börn og ungmenni. Fyrstu árin var sjónum beint að Barnaspítala Hringins og síðustu fimmtán árin hafa verkefni verið tengd Barna- og unglingageðdeild LSH (BUGL). Færði klúbburinn Barnaspítala Hringins ýmsan búnað sem þörf var á, m.a. stafrænn heilasíriti, speglunarbúnaður, hitakassa, brunarúm, leikföng og fleira.



Barnaspítala Hringins færð leikföng



Askjasleikir foringi jólasveinanna



Ein stærsta gjöfin, Stafrænn heilasíriti fyrir Barnaspítala Hringins



Ásgeir Haraldsson læknir á Barnaspítala Hringins tekur við speglunarbúnaði fyrir börn á 10 ára afmælisdegi Fjörgynjar



Afhending á lífsmarkamæli



Páll Óskar og Mónika



Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur lagt starfi hvítabjarnarins Hringa á Barnaspítala Hringins lið með því að gefa út í tveimur heftum 32 myndagátur eftir Hring og Kristínu Rán Guðjónsdóttur.



Raggi Bjarna og Karlaóririnn Stefnir

Margvíslegar aðferðir hafa verið notaðar til fjáröflunar. Á 10 ára afmælisári Fjörgynjar og Foldar var efnt til bílahappdrættis með stuðningi frá Bílabúð Benna til að afla fjár fyrir sjónhinnurita fyrir augndeild Landspítala. Þetta verkefni naut stuðnings frá LCIF.



Sölumenn að störfum



Félagar eftir tónleika

Nýr kafli í verkefnasögu Fjörgynjar hófst í nóvember 2003 þegar klúbburinn hélt sína fyrstu BUGL tónleika í Grafarvogskirkju til styrktar BUGL og Líknarsjóðs Fjörgynjar. Mjög stór hópur listamanna hefur lagt þessum tónleikum lið. Varlega áætlað vel á annað hundrað flytjendur (einstaklinga, kórar, hópar) hafa komið fram á þessum tónleikum sem nú eru orðnir sautján.



Ólafur Ragnar og Dorrit ásamt öðrum gestum



Raggi Bjarna og Guðni Th. Jóhannsson



Einar og Aldís að störfum



Baggalútur lagði lið

Helsti stuðningur við BUGL hefur falist í að afhenda þeim bifreiðar, annars vegar til ferða með skjólstæðinga BUGL og hins vegar til að auðvelda starfsfólki BUGL að fara í heimavitjanir á suðvesturhorni landsins, allt frá Borgarnesi að Selfossi. Fjörgyn hefur notið stuðnings Sjóvá og N1 við rekstur bifreiðanna. Bifreiðarnar hafa verið endurnýjaðar tvisvar. Einnig hefur verið gefinn ýmis búnaður, eins og tölvur, skjávarpar, húsgögn, búnaður í viðtalsherbergi, kaffivél, garðhúsgögn og ýmislegt fleira.



Pökkun á geisladisknum

Til margra ára var haldinn Eir-dagur á Hjúkrunarheimlinu Eir. Þar komu fram ýmsir listamenn og boðið var uppá heitt súkkulaði og meðlæti.



Við afhendingu stærri bifreiðarinnar

Klúbburinn hefur lagt mörgum málum lið

Á árunum eftir 2000 var mikill kraftur í Lífsleikni námsefninu “Að ná tökum á tilverunni”. M.a. stýrði Einar Þórðarson ásamt Aldísi Yngvadóttur stóru verkefni sem var hönnun og útgáfa á leiknum “Spáðu í mig...og þig”. Fjörgyn annaðist dreifingu á geisladisk með leiknum til allra grunnskóla landsins.



Eir-Dagur

Klúbburinn hefur styrkt Ljósíð og fært þeim þrek hjól auk annar smágjafa.



Þrek hjólið afhent Ljósímu

Í Grafarvogi vorið 1990 voru tveir Lionsklúbbar, Fjörgyn og Fold, og einn Kiwanisklúbbur, Höfði, stofnaðir. Í tilefni að 20 ára afmæli þessarra klúbba þá færðu þeir dagþjónustunni Gylfaflöt að gjöf margs konar ásláttarhljóðfæri.



Gjöf afhent dagþjónustunni Gylfaflöt



Matargjafir á jólafestu til sóknarbarna í Grafarvogssókn og Íslensku kristkirkjumnar.



Árlegar mælingar á blóðsykri með Lkl. Fold í Húsgagnahöllinni

Að lokum: Fjörgyn er venjulegur Lionsklúbbur sem starfar í nærumhverfi, á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi. Hann hefur það að markmiði að leggja lið í baráttunni fyrir bættri heilsu barna og unglinga.

Einar Þórðarson, PDG
Þór Steinarsson, PCC



Lionsklúbburinn Bjarmi

Starf Lkl Bjarma þennan veturinn hlaut eins og fleira skjótan endi vegna Covid-19. Þar á meðal féll niður aðalfjáröflun okkar, sala á páskaliljum fyrir páskana. Áður höfðum við haldið nokkra fundi þar á meðal jólafund og þorablót. Þorablótið sem við héldum á bóndadaginn 24. janúar verður að teljast hápunktur starsársins en þá tókum við inn 2 nýja féлага, þá Arnar Hrólfsson og Luis A.F.Braga De Aquino. Erum við Bjarmafélagar því 14 núna. Mínnugir þess að fela ætti nýjum félögum verkefni var þeim nýliðum falið að sjá um mat á næsta fundi. Leystu þeir það verkefni svo vel af hendi að Arnar Hrólfsson fékk nýtt verkefni sem næsti ritari klúbbsins

Guðmundur Jónsson ritari Bjarma



Frá vinstri Arnar Hrólfsson, Arnar Svansson formaður og Luis Aquino



Lionsklúbburinn Skjaldbreiður

Ruslatýnsla



Undanfarin vor um alllangt skeið hefur Lionsklúbburinn Skjaldbreiður haft það sem eina af okkar mikilvægustu fjáröflunum að týna rusl úr vegköntum á Biskupstungnabraut frá Suðurlandsvegi og upp að Brúará, og síðan frá Biskupstungnabraut upp að Þjóðgarðshliði.

Þetta vorið leituðum við til sveitastjórnarinnar í G O G G. um samstarf við hreinsuni, sem var samþykkt.

Og að kvöldi þess 28. apríl lögðum við af stað 10 félagar með einn gest sem er reyndar lionsfélagi líka, á fjórum bílum með þrjár kerrur og ekki veitti af. Því að loknu kvöldverki voru þær sneisa fulla af eins og sagt er allskonar, allt frá kerruhlutum, bílhlutum og og hvað það var

sem við tíndum ekki upp til förgunar. Að loknu verki var svo öllu skilað í gámana að Seyðishólum, en við fengum starfsmann sveitarfélagsins til að opna fyrir okkur þótt seint væri.

Við þökkum G O G G. fyrir samstarfið um von um áframhald á næsta vori.

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður óskar öllum gleðilegs sumars.

Kv. Félagar í Skjaldbreiður.

Minning † Daníel Björnsson



Daníel kynntist ég þegar ég gekk í Lionsklúbbinn Munin haustið 1977. Hann vakti fljótt athygli mína --- ekki vegna þess að það færi mikið fyrir honum --- heldur vegna áhuga hans á öllu sem viðkom Lionshreyfingunni. Við urðum góðir kunningjar og sá kunningsskapur þróadist í vináttu.

Daníel var mikill Lionsmaður og gegndi ædstu stöðum innan hreyfingarinnar. Hann var undæmisstjóri í 109A árið 2002-2003. Í þá stöðu fór hann nánast fyrirvaralaust vegna

skyndilegs og óvænts fráfalls þáverandi varaundæmisstjóra. Hann var fjölmundæmisstjóri árið 2008-2009. Auk þess gegndi hann ýmsum öðrum störfum fyrir hreyfinguna og fékk flestar viðurkenningar sem veittar eru innan Lionshreyfingarinnar. Hann var einnig mjög duglegur fyrir klúbbinn sinn og gengdi öllum stöðum innan hans. Fyrir fjórum árum ákvað hann að hætta öllum störfum í ædstu stjórn hreyfingarinnar til þess að geta gefið sig að störfum fyrir klúbbinn sinn.

Daníel rak um tíma matvöruverslum í Hafnarfirði en lengst af starfaði hann sem bókarari og leigumiðlari enda með viðurkenningu á báðum sviðum. Auk þess fékkst um tíma við fasteignasölu.

Hann starfaði einnig mikið fyrir félagsskapinn Heyrnarhjálp.

Hann kvæntist konu sinni, Jórinni Guðmundsdóttur, 26. desember 1971. Hún stóð sem klettur við hlið manns síns og var einnig sjálf mjög virk í Lionshreyfingunni. Þau áttu þrjár dætur og var samband foreldra og dætra mjög náð og einlægt. Og hið sama gildir um barnabörn og barnabarnabörn.

Ég hafði gert ráð fyrir og lagt drög að því að félagar úr Lionsklúbbnum Munin bæru kistu mína úr kirkju við jarðarför mína og fannst sjálfsagt að Daníel yrði einn þeirra. En hér sannast: . . . enginn veit sína ævina fyrr en öll er.

Lionsklúbburinn Muninn sendir Jórinni, dætrunum og öðrum afkomendum og tengdabörnum innilegar samúðarkveðjur.

Með Daníel er genginn drengur góður.

*Matthías Frímannsson PDG
aldursforseti Lionsklúbbsins Munins.*

Alþjóðahjálparsjóðurinn á tímum Covid – 19



Lions Clubs International
FOUNDATION



Það eru einkennilegir tímar sem heimurinn upplifir um þessar mundir og ekki síst þeir sem stunda félagsstarf eins og við lionsfélagar gerum. Engir fundir, nema þá fjárfundir, ekkert félagsstarf, engin verkefni, engar skemmtanir, engar fjáraflanir.

Fjáraflanirnar eru kannski það versta að missa því við getum þá ekki með góðu móti stutt við þau fjölmörgu nauðsynlegu verkefni sem við erum vön að gera.

Þetta bitnar talsvert á þeim sem þurfa á aðstoð okkar að halda og Alþjóðahjálparsjóðurinn okkar, LCIF eins og aðrir sjóðir, hefur ekki farið varhluta af ástandinu.

Þrátt fyrir að styrkir LCIF séu ekki í sama mæli og áður er ekki þar með sagt að sjóðurinn sé aðgerðarlaus í þessu ástandi. Líklega aldrei verið jafn mikið álag á stjórn sjóðsins og starfsfólki því það eru ekki bara Covid – 19 umsóknir sem berast. Aðrar umsóknir halda líka áfram að berast.

Vegna Covid – 19 hefur sjóðurinn veitt 184 styrki að upphæð US\$ 3.388.655 (12. maí 2020) sem er eingin smá upphæð. Við Lionsfélagar

getum svo sannarlega borið höfuðið hátt og verið stolt af sjóðnum okkar.

Það er eftirtektarvert að miðað við heimsálfnurnar hefur hæsta upphæðin farið til landa í Evrópu, US\$ 1.364.080 eða ríflega 40% af styrkjunum. Það er ansi hátt hlutfall miðað við að aðeins tæplega 9% af framlögum til sjóðsins koma frá Evrópu.

Þó að fjáraflanir klúbba séu í algeru lágmarki þá eru sem betur fer margir einstaklingar sem láta ekki sitt eftir liggja.

Nokkur dæmi:

Við vitum að Alþjóðahjálparsjóðurinn sem vera átti í Singapúr hefur verið fellt niður. Í fleiri en einu landa ætla allir sem annars hefðu farið á alþjóðahjálparsjóðurinn í Singapúr að gefa það sem sú ferð hefði kostað til LCIF.

Víðast hvar um heiminn eru umdæmisþing og fjölmúðmisþing haldin sem fjarþing. Mörg dæmi eru um það að einstaklingar og klúbbar hafi lagt til LCIF andvirði þess sem það hefði kostað að fara á þessi þing.

Klúbbfundir eru víðast hvar haldnir sem

fjarfundir. Klúbbfélagar hafa gefið til LCIF eða í styrktarsjóð eigin klúbbs það sem þeir annars hefðu greitt fyrir fundarsóknina.

Þetta á ekki bara við um erlendis því þess eru líka dæmi hérlendis. Einstaklingar hafa lagt til LCIF andvirði þess sem klúbbstarfið hefði kostað, andvirði skráningargjalda fyrir Lionsþingið okkar og andvirði skráningargjalds fyrir alþjóðahjálparsjóð.


Er þetta ekki eitthvað sem fleiri gætu hugsað sér að gera.

Hættum að beina sjónum okkar að lokuðu dyrunum. Finnum opnu dyrnar og nýju tækifærin, þau eru þarna einhvern staðar.

Alþjóðahjálparsjóðnum okkar veitir ekki af, því þörfin fyrir sterkan sjóð hefur sjaldan verið meiri en á tímum Covid – 19.

Undir hlekknum Coronavirus á lionsclubs.org er mikið af upplýsingum um þau verkefni sem Alþjóðahjálparsjóðurinn er að sinna.

Lestraráttak Lions



Kæru Lionsfélagar. Lestraráttak Lions þakkar ykkur fyrir gott samstarf þetta starfsárið.

Verkefni þetta starfsárið var að dreifa bókamerkjum til allra grunnskóla landsins, barna í fimmta bekk (10 ára börn). Eins og áður þá studdist lestrarátakið við nýjustu upplýsingar frá hagstofunni um fjölda nemenda í fimmta bekk og notum við upplýsingar frá síðasta skólaári.

Við þökkum Svæðisstjórum fyrir góðar undirtektir að taka við bókamerkjum til klúbba á sínu svæði og að láta formenn/klúbbfélaga hafa á fyrsta svæðisfund haustsins. Reiknum með að svo verði aftur á nýju starfsári.

Við höfum óskað eftir að láta okkur vita ef einhver bókamerki hafa vantað, og bregðumst við því ef svo er.

Gerir verkefnið meira lifandi.

Nokkrir klúbbar hafa látið vita að þeir hafi afgreitt bókamerkin á sitt svæði, það er mög gott og gaman að fá frá ykkur. Einnig ef klúbbar hafa lent í vandræðum að fá leyfi til að afhenda bókamerki í skólanna. Oftast hefur það leysts með því að bókamerkin fari á skólabókasafnið.

Þróun til aðstoðar

Sumir klúbbar hafa þróað verkefni við stuðnings við lestur. Aðstoðað vikulega börn í skólum sem þurfa frekari stuðning, Íslensk börn og börn af erlendum uppruna.

Stórt verkefni hafa Ylfurnar á Akureyri sinnt í nokkur ár og þróað í samvinnu við fagaðila, aðstoða fullorðna erlenda einstaklinga að lesa íslensku.

Það er ótal margt sem Lions getur gert til að hjálpa til við lestraráttak. Má benda á vefinn Lestrarvinir, sjálfbóðaliðar. Hægt að finna á facebook síðu þeirra.

Næg er þörfin.

Með Lions / lestraráttaksveðju.

Fyrir hönd Lestraráttaks Lions.

Dagný S Finnsdóttir

Lestraráttaksstjóri

Lionsklúbburinn Engey



Þrónastund í Lionsheimilinu

Áð venju byrjuðum við starfsárið með fundi þann 9. september og voru þar lagðar línur fyrir starfsemi vetrarins. Klúbbfundir eru almennt haldnir 2. mánudag hvers mánaðar en flesta aðra mánudaga hittast félagar með hannyrðir í Lionsheimilinu. Afraksturinn er síðan gefinn til Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins og er jafnan vel þeginn. Þetta eru góðar og gefandi stundir sem við viljum ekki vera án. Aðstæður í þjóðfélaginu urðu þó til þess að hlé varð að gera á þessum samverustundum en framleiðslunni hefur verið haldið áfram í heimahúsum.

Á fundi í vetur höfum við fengið til okkar góða gesti. Í október heimsóttu okkur Þóra Bjarney Guðmundsdóttir varaumdæmisstjóri í 109 A og Sigurður Karl Karlsson svæðisstjóri og fræddu okkur um ýmis mál hreyfingarinnar. Kolbrún Karlsdóttir formaður Bergmáls, líknar og vinafélags, var gestur nóvemberfundar, en Bergmál styður við



Styrkur afhentur til barnastarfs Ljósins



Öllu heimilisfólki í Skógarbæ færð páskaegg.

krabbameinssjúka, blinda og aðra langveika. Allt starfið er byggt upp af framlagi sjálfboðaliða. Gestir dvelja á Sólheimum viku í senn við gott atlati og fá færri en vilja. Í landi Sólheima í Grímsnesi var reist hús þar sem starfsemin fer fram og var það byggt fyrir fé frá ýmsum velunnurum félagsins.

Jólafundurinn okkar var haldinn 30. nóvember og var að venju á heimili klúbbfélaga. Snæddu félagar hangikjöt með öllu tilheyrandi. Allir félagar fengu jólagjafir og skemmtu sér hið besta. Eftir áramót hófst svo starfið að nýju. Á janúarfund kom Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir iðjuþjálf frá Ljósinu. Hún fræddi okkur um starfsemi Ljósins sem er stór í sniðum og var fróðlegt á að hlýða. Ákveðið hafði verið að veita Ljósinu styrk úr líknarsjóði klúbbsins. Styrkurinn hefur verið afhentur og rennur hann til barnastarfs Ljósins. Gestur febrúarfundar var Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona. Greindi hún frá áhrifamiklu hlutverki sem hún lék í kvikmynd Baldvins Z "Lof mér að falla". Í máli hennar kom fram hversu erfitt var að setja sig í spor manneskjunnar sem hún lék og tók á. Okkar árlega þorablót var haldið síðast í janúar í Efstaleiti 12. Guðný Árný Karlsdóttir söngkona og píanóleikari skemmti félögum og gestum með söng og lék einnig undir fjöldasöng við góðan orðstír. Tveimur seinustu fundum starfsársins var aflýst vegna kórónuveirufaraldursins.

Fyrri fjóröflunarverkefni vetrarins var kökubasar í göngugötunni í Mjódd þann 14. nóvember. Sama dag vorum við einnig með blóðsykursmælingu, sem hjúkrunarfræðingar í klúbbnum önnuðust. Gekk hvoru tveggja mjög vel. Þá var aflað fjár í líknarsjóð með happdrætti á þorablóti sem tókst vel. Margir góðir vinningar voru þar í boði sem velunnarar klúbbsins höfðu gefið.

Vegna kórónuveirufaraldurs og heimsóknarbanns var ekki hægt að heimsækja Hjúkrunarheimilið Skógarbæ sem hefur verið fastur og ánægjulegu þáttur í starfi klúbbsins mörg undanfarin ár. Þess í stað færði klúbburinn öllu heimilisfólki Skógarbæjar páskaegg að gjöf ásamt góðum kveðjum.

Þann 1. mars varð Lionsklúbburinn Engey 30 ára. Í tilefni afmælisins var haldin vegleg veisla á Hilton Nordica hóteli. Fyrirverandi félögum hafði verið boðið að taka þátt í fagnaðinum og var það einkar ánægjulegt að hitta þá. Veislan hófst kl. 13 eftir hádegi með því að Geir Ólafsson skemmti og söng gamla slagara sem var mjög skemmtilegt. Síðan var sest að veisluborði og snædd þriggja rétta máltíð. Sérlegur gestur okkar var Jóhanna Thorsteinsson umdæmisstjóri sem ávarpaði samkomuna og flutti okkur góðar óskir. Stóð afmælisveislan fram eftir degi með notalegri samveru, þrátt fyrir engin faðmlög eða handabönd. Við sluppum rétt fyrir veiru-samkomubannið.

Stofnendur Engeyjar voru 37 konur sem flestar höfðu áður verið félagar í Lionessklúbbi Reykjavíkur. Lionessklúbbur Reykjavíkur sem var 8. lionessklúbbur landsins var stofnaður 14. ágúst 1985 að frumkvæði Lionsklúbbs Reykjavíkur. Eftir lagabreytingar á alþjóðþingi Lions 1987 sem heimiluðu aukin réttindi kvenna innan hreyfingarinnar var mikið rætt á fundum hvaða breytingar yrðu á klúbbstarfi ef Lionessklúbburinn yrði lagður niður og Lionsklúbbur stofnaður. Niðurstaðan varð sú að tillaga stjórnar um stofnun Lionsklúbbs var samþykkt var á fundi Lionessklúbbsins 15. janúar 1990 með yfirgnæfandi meiri hluta. Í framhaldinu var Lionsklúbburinn Engey stofnaður þann 1. mars sama ár. Fyrsti formaður Engeyjar var Edda Briem sem fyrir stofnun klúbbsins hafði verið formaður í Lionessklúbbi Reykjavíkur. Varaformaður var Helga Tryggvadóttir og var hún formaður klúbbsins þegar stofnskrárhátíðin var haldin um haustið í Lionsheimilinu Lundi í Kópavogi.

Þegar fundargerðir frá fyrstu árum klúbbsins eru skoðaðar er ljóst að þar voru stórhuga konur í fararbroddi enda engir viðvaningar þar á ferð. Farið var af krafti í hin ýmsu fjáröflunarverkefni auk þess að aflað var fjár til innra starfs klúbbsins. Félagar í Engey eru nú 20 en þar af eru 5 konur sem voru stofnfélagar bæði Lionessklúbbs Reykjavíkur og Lionsklúbbsins Engeyjar. Það hefur auðvitað margt gott verið gert á þessum 30 árum sem of langt er upp að telja. Okkar helsta fjáraflöflun fyrstu árin var flóamarkaður og var svo allt til ársins 2006. Seinni árin hafa aðalfjáraflanir verið kökubasarar vor og haust og happdrætti á þorrabloti. Fjölmörg félög og stofnanir hafa svo í gegnum árin verið styrkt með peningagjöfum. Hjúkrunarheimilið Skógarbær hefur verið heimsótt einu sinni á ári í 16 ár. Í farteskinu höfum við þá heimabakað bakkelsi og skemmtiatriði. Hefur heimsóknin mælst mjög vel fyrir bæði hjá heimilisfólki og aðstandendum þeirra. Þá hafa áður verið nefndar hannyrðimar í Lionsheimilinu sem drjúgum tími hefur verið varið í. Þess má geta að í nóvember og desember var handunninn þrjónafatnaður fyrir börn og fullorðna, svo sem teppi, peysur, húfur og sokkar, samtals 108 stykki, afhentur Rauða Krossinum. Fatnaðurinn var ætlaður hælisleitendum. Þá hefur eftir áramót verið framleitt umtalsvert magn af fatnaði sem verður afhentur í haust Önnur verkefni klúbbsins má nefna svo sem blóðsykursmælingar ár hvert og gleraugnasafnanir. .

Hvað varðar innra starf klúbbsins í gegnum árin þá hefur gjarnan verið hittst utan reglulegra funda. Má þar sem dæmi nefna leikhúsferðir, bíóferðir og heimsóknir í söfn og fyrirtæki. Þá hefur ferðagleði ávallt einkennt félagsstarfið og margar ánægjulegar ferðir verið farnar bæði innan- og utanlands. Í tilefni 30 ára afmælis klúbbsins var fyrirhuguð



Afmælisfagnaður

Edinborgarferð þann 2. júní. Vegna veirunnar vondu neyddumst við til að aflýsa þeirri ferð og verður hún að bíða betri tíma.

Eins og fram er komið hefur starfsemi klúbbsins raskast mikið síðari hluta starfsársins. Við erum samt fullar bjartsýni og vonum að unnt verði að hefja starfið af fullum krafti í haust.

F.h. Lionsklúbbsins Engeyjar

Heiðrún Rútsdóttir

Guðný Björnsdóttir



Lionsklúbburinn Eden



Við stelpurnar í Lionsklúbbum Eden gáfum Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði 4 spjaldtölvur og 4 heymatöl. Hún Birna Sif hjúkrunarforstjóri tók við gjöfinni af Þórunni Sigurðardóttur formanni og Rósu Huld Sigurðardóttur ritara. Höfum við fengið fregnir frá ættingjum og vinum heimilismanna að gjöfin gafi komið að góðum notum í þessu Covid ástandi.



Lionsklúbburinn Kaldá

Lionsstarf hjá okkur hefur verið lítið eins og hjá öðrum lionsfélögum Lsíðustu vikur. En við höldum „Útifund“ 7. maí við Frikirkjuna í Hafnarfirði og skoðuðum skiltið sem við létum útbúa í vetur. Mikil ánægja var meðal félaga að hittast og spjalla saman. Lokafundur verður 26. maí og þá verða stjórnarskipti.

Haustferð verður að þessu sinni og ætlum við að fara í Grundarfjörð þar sem við eigum von á góðum móttökum hjá lionsfélaga okkar.

Jórunn Jörundsdóttir varaformaður

